

		Kr.	A.
5. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	3500 kr. » a.		
Launabót Theódórs sýslumanns Jónassens	1064 — 56 -	4564	56
6. Barðastrandarsýsla		2371	80
7. Ísafjarðarsýsla og kaupstaður		2851	24
8. Strandasýsla		1680	90
9. Húnavatnssýsla	3500 — » -		
Launabót Lárusar sýslumanns Blöndals	1144 — 08 -	4644	08
10. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður	3500 — » -		
Launabót Stefáns sýslumanns Thorarensens	612 — 32 -	4112	32
11. Þingeyjarsýsla		3428	75
12. Norðurmúlasýsla	3000 — » -		
Launabót Prebens sýslumanns Bövings	627 — 23 -	3627	23
13. Suðurmúlasýsla	2500 — » -		
Launabót Jóns sýslumanns Johnsens	753 — 49 -	3253	49

126
7. ágúst

Í þeim embættum, sem voru laus, 6. júní f. á. er, eins og sjálfsagt er, engin breyting orðin á upphæðum þeim, sem tilfærðar eru í brjefi mínu frá 1. júní f. á.

Jafnframt því, að skýra yður, herra landfógeti, frá þessu, vil jeg leggja fyrir yður, að gjöra hinar nauðsynlegu leiðrjettingar á því, sem borgað hefir verið hlutaðeigandi embættismönnum í laun og launabót eptir 6. júní f. á. samkvæmt brjefi mínu frá 7. s. m. (stjórnartíð. B. 98).

Þess skal enn fremur getið, með tilliti til endurskoðunar á viðkomandi umboðsreikningum, að tekjurnar af jörð þeirri, sem sýslumanninum í Vestmannaeyjasýslu hefir verið lögð í embættisskyni, sem og tekjur þær, sem sýslumaðurinn í Strandasýslu hefir notið að fornu fari af kúgildaleigum þeim, sem hvíla á umboðsjörðunum í nefndri sýslu, eru teknar inn í framan skráðan reikning, og munu því áminntar tekjur eptirleiðis, samkvæmt 1. gr. laga frá 14. desembr. 1877, renna í landssjóð.

— *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um lóðarnám undir verzlunarhús.* — Í brjefi frá 11. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, borið það undir úrskurð minn, hvort sýslumanninum í Árnassýslu beri, þrátt fyrir mótmæli hlutaðeigandi lóðareiganda, að útmæla verzlunarhússtöði í Þorlákshöfn. Þjer takið fram, að yður hafi þótt ísjárvert að fyrirskipa útmælingu þessa samkvæmt brjefi landshöfðingja frá 30. sept. 1876 (stjórnartíð. B. 106) um útmælingu á sölubúðastöði á Blönduósskaupþúni, með því að lögin frá 24. ágúst 1877 um Þorlákshöfn tiltaka ekki beinum orðum, eins og Blönduósslögin frá 15. okt. 1875 gera, að leyft skuli vera að byggja sölubúðir á verzlunarstaðnum. En hins vegar sjeud þjer á þeirri skoðun, að löggilding verzlunarstaðar heimili mönnum rjett til að fá þar útmældar lóðir undir verzlunarhús, án þess að í hverju einstöku tilfelli þurfi sjerstök lóðarnámslög auk laganna um löggilding.

127
13. ágúst

Jeg er yður samdáma um það, sem þjer þannig takið fram, en með því að spurningin um lóðarnám gegn mótmælum landeiganda sætir úrskurði dómstólanna, virðist rjettast, að hlutaðeigandi fógeti samkvæmt nánari beiðni þess, sem óskar lóðarnámsins, og eptir að hafa gefið lóðareiganda tækifæri til að koma fram með mótmæli sín, úrskurði, hvort lóðarnám það, er ræðir um, eigi fram að fara, og hve mikið endurgjaldið til lóðareigandans skuli vera. Þessum úrskurði getur sá málspartur, er ekki vill una við hann, áfryjað til óðra dóms, og þar verður málið að fá fullnaðarúrslit sín.